



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 28. apríl 2021, kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Vilberg Þráinsson varaformaður og Ólafía Sigurvinsdóttir. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Sonja Dröfn Helgadóttir leikskólastjóri, Jóhanna Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Íris Ósk Sigþórsdóttir fh. starfsmanna leikskóla og foreldrafélagsins, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 26. október 2020.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Breyting á skóladagatali leikskóladeildar skólaárið 2020 – 2021.

Lagt er fram að nýju skóladagatal 2020 – 2021 vegna breytingar á sumarlokun.

Nefndin samþykkir sumarlokun leikskóladeildar 2. júlí – 9. ágúst. Samþykkt samhljóða.

3. Skóladagatal Reykhólaskóla skólaárið 2021 – 2022.

3.1. Skóladagatal grunnskóladeildar.

Lagt er fram skóladagatal grunnskóladeildar. Skólastjóri fór yfir dagatalið með nefndinni. Í skóladagatalinu er gert ráð fyrir 180 kennsludögum.

Nefndin samþykkir skóladagatal grunnskóladeildar skólaárið 2021 – 2022. Samþykkt samhljóða.

3.2. Skóladagatal leikskóladeildar.

Lagt er fram skóladagatal leikskóladeildar. Leikskólastjóri fór yfir dagatalið með nefndinni.

Nefndin samþykkir skóladagatal leikskóladeildar skólaárið 2021 – 2022. Samþykkt samhljóða.

4. Tillaga að nýrri stundatöflu grunnskóladeildar skólaárið 2021 – 2022.

Skólastjóri fór yfir tillögu að nýrri stundatöflu. Nokkrar umræður urðu um málefnið.

Nefndin mælir með því að tillagan verði kynnt víða í skólasamfélaginu áður en hún verði tekin fyrir til samþykktar.

5. Tillaga að móttöku yngri barna í leikskóladeild

Lagt er fram erindi leikskólastjóra. Leikskólastjóri fór yfir tillögu um móttöku á börnum niður í 9 mánaða aldur í allt að 5 tíma vistun.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindið. Nefndin bendir jafnframt á að breyta þurfi reglum um foreldragreiðslur samhliða. Samþykkt samhljóða.

6. Launataxtar vinnuskólabarna.

Lagðar eru fram tillögur að taxa vinnuskóla Reykhólahrepps fyrir sumarið 2021.

Nefndin vísar töxtum til afgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

7. Gjaldskrá sumarnámskeiða.

Lögð er fram tillaga að gjaldskrá fyrir sumarnámskeið sumarið 2021.

Tómstundafulltrúi lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sumarnámskeið sumarið 2021. Tillaga lögð fram um 1000 kr. dagurinn, en 12.000 kr. ef keypt er allt tímabilið sem er í boði.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja gjaldskrána. Samþykkt samhljóða.

8. Akstur sumarstarfs.

Tómstundafulltrúi lagði fram tillögu um tilraunaverkefni sumarið 2021, þar sem boðið verði uppá akstur í tengslum við sumarnámskeiðin. Verkefnið rúmast innan fjárhagsáætlunar með tilfærslum á milli liða og styrk vegna Covid.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að verkefnið verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

9. Þjónustuvikur sumarnámskeiða

Tómstundafulltrúi lagði fram tillögu að tímabili sumarnámskeiða sumarið 2021. Tillaga um tímabilið 8. júní – 1. júlí og 16. – 19. ágúst.

Nefndin samþykkir tillöguna samhljóða.

10. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir skýrslu.

11. Skýrsla leikskólastjóra.

Leikskólastjóri fór yfir skýrslu.

12. Skýrsla tómstundafulltrúa.

Tómstundafulltrúi fór yfir skýrslu.

Önnur mál (ef einhver):

13. Leikskólalóð staða.

Farið yfir stöðuna, rætt var um fjármögnun sem er nú á tveimur árum.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að leita allra leiða til að klára verkefnið í sumar. Samþykkt samhljóða.

14. Þrif á íþróttahúsi.

Skólastjóri fór yfir það að þrifin á íþróttahúsinu væru ekki fullnægjandi. Skólinn væri tilbúinn veita tilsögn um notkun á tækjum sem fjárfest hefur verið í til þrifa.

Nefndin leggur til við sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.

15. Gjaldskrá fyrir tónlistaskólann skólaárið 2021 – 2022.

Skólastjóri lagði fram tillögu að lækkun á gjaldskrá tónlistaskólans til að ýta undir að fleiri börn sæki tónlistaskólann.

Nefndin leggur til að skoðaðar verði fleiri hugmyndir varðandi tónlistakennsluna. Málefnið verði tekið aftur til umræðu síðar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____